



LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

Listahátíð í Reykjavík auglýsir eftir **MARKAÐS- OG KYNNINGARSTJÓRA**

Starfið felst í:

- Yfirumsjón með markaðs- og kynningarmálum Listahátíðar.
- Mótun kynningar í samráði við stjórnanda og framkvæmdastjóra hátíðarinnar.
- Yfirumsjón með gerð og birtingum auglýsinga og annarri kynningu.
- Textagerð, vefumsjón og samskiptum við fjölmiðla.
- Vinnu með innlendum og erlendum samstarfsaðilum að markaðs- og kynningarmálum hátíðarinnar.
- Öðrum verkefnum á skrifstofu.

Markaðs- og kynningarstjóri þarf að geta unnið sjálfstætt, eiga gott með mannleg samskipti, búa yfir góðri tölvukunnáttu og hafa mjög gott vald á rituðu og töluðu íslensku og ensku máli.

Háskólamenntun er áskilin. Frumkvæði og reynsla af markaðs- og kynningarmálum er nauðsynleg, reynsla af störfum við fjölmiðla og útgáfu er kostur.

Óskað er eftir hugmyndaríkum, skipulögðum og öflugum einstaklingi með áhuga og þekkingu á listum og menningu.

Ráðningin er tímabundin og samkvæmt samkomulagi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Listahátíðar, í síma 561 2444, en einnig má senda fyrirspurnir á netfangið johanna@artfest.is

Umsóknir skal senda til Listahátíðar í Reykjavík, pósthólf 88, 121 Reykjavík, merktar starfsumsókn, fyrir 1. október 2009. Öllum umsóknum verður svarað.

Listahátíð í Reykjavík er haldin í maí ár hvert og fagnar 40 ára afmæli vorið 2010. Hlutverk Listahátíðar er að skipuleggja og standa að árlegum Listahátíðum í Reykjavík á sviði tónlistar, leik- og danslistar, bókmennta, myndlistar, hönnunar og fleiri listgreina.